

hald í viðkomandi sveitarfélagi áður en hann er afhentur á ný. Sé köttur ekki örmerktur skal eigandi hans greiða fyrir örmerkingu kattarins áður en hann er afhentur og fær gegn því beiðni sem nýta má hjá dýralækni til greiðslu fyrir örmerkingu. Ef kattareigandi vitjar ekki kattarins innan viku, er heimilt að farga kettinum án frekari fyrirvara. Kattareigandi ber allan kostnað af handsömun, vörslu, fóðrun og aflífun, ef til þess kemur.

Ef ekki er unnt að bera kennsl á kött með örmerki eða með merkingu á ól skal auglýsa eftir eiganda hans. Gefi eigandi sig ekki fram innan sjö sólarhringa frá birtingu auglýsingar er lögreglu eða dýraeftirlitsmanni heimilt að láta lóga viðkomandi ketti án frekari fyrirvara.

8. gr.

Refsiviðurlög.

Með brot á samþykkt þessari skal fara samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum.

Við minniháttar brot á samþykkt þessari skal eigandi kattarins sæta skriflegri áminningu. Endurtekin eða alvarleg brot geta leitt til leyfissviptingar.

Leyfishafa er skylt að greiða kostnað sem leiðir af brotum á samþykkt þessari.

9. gr.

Lagagrundvöllur.

Samþykkt þessi staðfestist hér með skv. ákvæðum 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum og öðlast gildi þegar við birtingu. Jafnframt falla þá úr gildi eldri samþykktir um kattahald í sveitarfélaginu.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þeir sem halda ketti við gildistöku samþykktarinnar, en hafa ekki skráð þá, skulu færa þá til skráningar samkvæmt samþykkt þessari innan þriggja mánaða.

Umhverfissráðuneytinu, 22. ágúst 2005.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

AUGLÝSING

um umferð í Stykkishólmi.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu bæjarstjórnar Stykkishólmsbæjar hefur eftirfarandi verið ákveðið:

1. Frá gatnamótum Skólastígs og Silfurgötu er einstefna um Skólastíg til norðurs að gatnamótum Höfðagötu og Skólastígs.
2. Akstur hópferðabifreiða er bannaður inn á Höfðagötu að norðanverðu frá Skólastíg.

Reglur þessar taka gildi við birtingu þeirra.

Sýslumaður Snæfellinga, 24. ágúst 2005.

Ólafur K. Ólafsson.